

## REGLUR

**um ráðstöfun 350 milljóna króna aukaframlags  
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2012.**

1. gr.  
*Gildissvið.*

Markmið þessara reglna er að úthluta sérstöku aukaframlagi til að koma til móts við þau sveitarfélög sem eiga í miklum fjárhagserfiðleikum á árinu 2012.

Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessum reglum ef heimild sveitarfélags til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2012 er fullnýtt af sveitarstjórn. Við útreikning og úthlutun framlagsins er miðað við skipan sveitarfélaga eins og hún var 1. janúar 2012.

Fram lagi samkvæmt þessum reglum er ætlað að bæta erfiða fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélaga með lækkun fjárhæða skulda.

Við útreikning framlaga, skv. 3. og 4. gr. er byggt á upplýsingum úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaga.

2. gr.

*Framlag vegna sérstakra fjárhagserfiðleika Sveitarfélagsins Álfstaness.*

Varið skal 175 m.kr. til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum Sveitarfélagsins Álfstaness. Framlagið skal veitt sem einn þáttur í fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins samkvæmt tillögum fjárhaldsstjórnar en með hliðsjón af þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur um ráðstöfun þess.

3. gr.

*Framlag vegna íþyngjandi skulda.*

Varið skal 115 m.kr. til þeirra sveitarfélaga þar sem útreiknað skuldahlutfall er hærra en 150%.

Við útreikning framlagsins skal byggt á upplýsingum úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2011. Við útreikning framlags kemur til skerðingar vegna skuldahlutfalls á bilinu 150% - 250% og þar sem hlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum er umfram 3%.

Nánar um útreikning framlags:

Skerða skal framlag til einstakra sveitarfélaga með hliðsjón af skuldahlutfalli þeirra. Skerðing framlags miðast við nettóskuldir á bilinu 150% - 250% af heildartekjum sveitarfélags. Skerðing hefst við 150% skuldahlutfall (stuðullinn 0,5) og endar við 250% skuldahlutfall sveitarfélags (stuðullinn 1,0) þannig að:

- ef skuldahlutfall sveitarfélags er 250% eða hærra, er ekki um skerðingu á framlagi að ræða;
- ef skuldahlutfall sveitarfélags er lægra en 150% er ekki um framlag að ræða;
- ef skuldahlutfall sveitarfélags er á bilinu 150% - 250% er framlagið skert með stuðli á bilinu 0,5 - 1,0.

Skerða skal jafnframt framlag til einstakra sveitarfélaga þar sem hlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum er umfram 3% þannig að:

- ef veltufé frá rekstri í hlutfalli af heildartekjum er undir 3% reiknast stuðullinn 1,0;
- ef veltufé frá rekstri í hlutfalli af heildartekjum er á bilinu 3% - 7,5% reiknast stuðullinn 0,5;
- ef veltufé frá rekstri í hlutfalli af heildartekjum er yfir 7,5% reiknast stuðullinn 0 og ekki er um framlag að ræða.

Heildarfjárhæð nettóskulda þeirra sveitarfélaga sem eru með hærra skuldahlutfall en 150% er grunnviðmið útreiknings. Að teknu tilliti til framangreindra skerðinga er hlutfall hvers sveitarfélags af heildarfjárhæð nettóskulda margfaldað með fjármagni til ráðstöfunar, sbr. 1. mgr.

4. gr.

*Framlag vegna íbúaþækunar.*

Varið skal 60 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúaþróun hefur verið lakari en hjá Reykjavíkurborg árin 2007-2011.

Við útreikning framlags skal byggt á upplýsingum úr Þjóðskrá um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2006 og um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2011. Finna skal út fyrir hvert sveitarfélag hver fjölgun íbúa hefði þurft að vera á umræddu tímabili til að sama hlutfallslega vexti og í Reykjavíkurborg væri náð. Reikna skal út hlutfallslegt vægi þeirrar niðurstöðu af samtölu fyrir þau sveitarfélög sem um ræðir. Framlag til sveitarfélags er sú hlutfallstala margfölduð með fjármagni til ráðstöfunar, sbr. 1. mgr.

Við útreikning framlagsins skal jafnframt byggt á upplýsingum úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2011, annars vegar um heildartekjur og hins vegar um nettóskuldur.

Skerða skal hlutfallslega framlag til einstakra sveitarfélaga skv. þessari grein með hliðsjón af nettóskuldum sveitarfélags. Skerðing framlags er hlutfallsleg miðað við nettóskuldur á bilinu 50% - 100% af heildartekjum. Skerðing hefst við 50% skuldahlutfall (stuðullinn 0,0) og endar við 100% skuldahlutfall (stuðullinn 1,0) þannig að:

- ef skuldahlutfall sveitarfélags er 100% eða hærra er ekki um skerðingu á framlagi að ræða;
- ef skuldahlutfall sveitarfélags er á bilinu 50% - 100% er framlagið skert með stuðli á bilinu 0,0 - 1,0;
- ef skuldahlutfall sveitarfélags er lægra en 50% er ekki um framlag að ræða.

Framlögin skal jafnframt skerða hjá þeim sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar meðaltekjur á íbúa á árinu 2012 miðað við sambærileg sveitarfélög, sbr. útreikning meðaltekna á grundvelli ákvæða í 1. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Skerðingin hefst þegar áætlaðar meðaltekjur á íbúa miðað við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélags, eru 4% yfir meðaltali í hverjum viðmiðunarflokk. Framlög falla niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir meðaltali. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

#### 5. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Nettóskuldur eru heildarskuldur og skuldbindingar að frádegnum peningalegum eignum án krafna á eigin fyrirtæki samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2011.

Skuldahlutfall eru nettóskuldur í hlutfalli af heildartekjum samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2011.

Veltufé frá rekstri er sjóðstreymisfárhæð samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2011.

#### 6. gr.

##### *Greiðsla.*

Aukaframlagið skal greitt til sveitarfélaga í einni greiðslu fyrir lok desember 2012.

#### 7. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, fjárlaga ársins 2012, liðar 06-841, viðfangsefnis 1.11 og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 18. desember 2012.*

**Ögmundur Jónasson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*